

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL  
SNÆFELLSBÆ

416. tbl - 9. árg.

17. september 2009

 SPARISJÓÐURINN  
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

# Mikil aukning í lönduðum afla

Á meðfylgjandi línuriti má sjá þróun á lönduðum afla í höfnum Snæfellsbæjar frá kvótaárinu 2000-2001 til síðustu kvótaáramóta, miðað er við óslægð tonn upp úr sjó. Gögnin eru fengin af heimasíðu Fiskistofu.


Eins og sést á línuritinu var umtalsverð aukning á lönduðu magni á milli ára eða 19,18%, þ.e. úr 29.171 tonnum kvótaárið 07-08 í 34.766 tonn á nýliðnu kvótaári, mest var aukningin í Rífshöfn en þar var landað 17.666 tonnum sem var 24,4% meira en árið áður, það er jafnframt það mesta sem landað hefur verið þar, a.m.k. á þessari öld.

Í Ólafsvík var landað 14.338 tonnum og var það aukning um 17,8%, á fyrsta kvótaári þessarar aldar var landað yfir 16.710 tonnum í

Ólafsvík og því er talsvert í að ná að toppa það. Á Arnarstapa var landað 2.762 tonnum á síðasta kvótaári og er það tæplega 40 tonnum minna en árið áður, mestu var landað þar 2006-07 eða 3.095 tonnum.

Neðri línan í línuritinu sýnir hversu mikið var land-

Landaður afli í höfnum Snæfellsbæjar



að af þorski í Snæfellsbæ en þær tölur eru einnig inni í heildarmagninu. Athygli vekur hve hlutfall þorsks hefur minkað, á síðasta kvótaári var hlutfall þorsks af lönduð-

um afla 51% í Ólafsvík, 54% í Rífi og 64% á Arnarstapa, kvótaárið 01-02 var hlutfallið hinsvegar 75% í Ólafsvík, 67,5% í Rífi og 87,5% á Arnarstapa.



## Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?  
Logar viðvörnarljós í mælaborði?  
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ  
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is



## Langar þig að starfa með leikfélaginu í vetur!

Vegna uppsetningar á leikverkinu, Með vífið í lúkunum verður fundur haldinn í Klifi sunnudaginn 20. sept. kl 20.00. Allir sem vilja vera með eru hjartanlega velkomnir að hitta okkur. Frábært tækifæri að taka þátt í skemmtilegu verkefni og kynnast leiklistinni frá öllum hliðum.

Stjórnin.



## Höfum opnað hjólbarðaverkstæði að Dalbraut 10 (Gamla Bilnes)

Við bjóðum upp á dekkja- og smurþjónustu einni þremur og þústviðgerðir.

Opnunartímar:

8-12 og 13-18

G. Hansen dekkjaverkstæði

Dalbraut 10, Ólafsvík, sími: 436 1111, Gsm: 893 7745

# Nýræð hetja

Þann 4. september varð hann Guðbjartur Þorvarðarson eða Bjartur eins og hann er oftast kallaður nýræður. Hann Bjartur er alveg með fullt vit og fylgist með öllu sem er að gerast en er farinn að heyra mjög illa og er með heyrnartæki í báðum eyrum. Hann er mjög snyrtilegur til fara og næstum hægt að segja að hann sé bara penn. Hann hefur alla tíð verið duglegur og unnið mikið, hörkutól eins og sagt er. Alla tíð vann hann við sjóvinnu og ekki eru mörg ár síðan hann hætti að beita. Svo hefur hann alltaf verið með kindur og er enn með þær þótt hann sé orðin þetta gamall og sér um þær að mestu leiti sjálfur en við heyskapinn fær hann hjálp barna og tengdabarna. Hann stjórnar heyskapnum og sér um að raka rakinu og koma því í hlöðu og þá oftast með það í hjólbörum eða í poka á bakinu. Hann sér alfarið um að

halda fjárhúsinu og hlöðunni í þokkalegu ástandi. Oft hef ég horft út um gluggan hjá mér og séð að hann Bjartur er kominn upp á fjárhús- eða hlöðuþak og er hann þá að skipta um járnplötu aða lagfæra þakið. Gera aðrir betur. Það eru nú ekki margir dagar síðan hann var á þakinu og tók ég þá myndir af honum.

Í sumar kom hann einu sinni í heimsókn til okkar og var erindið að biðja annað hvort okkar að keyra sig inn í Virki, til að versla.

Hitaði ég kaffi og bauð honum og kex og köku með. Þáði hann það og spjallaði hann um æsku sína á meðan. Talaði hann um það hvernig þetta hefði verið hér áður fyrr þegar hann var að byrja að vinna sér inn pening og þá mjög ungur og smár eftir aldri. Oft varð hann að kafa snjóinn upp í klof þegar hann var að fara út í Krossavík og til baka inn í Keflavík því þar átti hann

heima í litlum bæ sem pabbi hans byggði við hliðina á Sólbakka. Þetta var ekki gott hús og oft á veturna fraus vatn í glasi á borðinu og allan veturinn var ekki hægt að sjá út um gluggann vegna þess að hann var svo hýlaður.

Sagði hann meðal annars

að hann tryði á kraftaverk og gæti sannað að þau væru til. Er það er alveg rétt hjá honum því að hann er sönnun þess að kraftaverk eru til.

Bestu hamingjuóskir Bjartur minn.

Þín nágrannakona

Birna Sigurðardóttir



 **HERBALIFE**  
Heimasíða Herbalife

 **HERBALIFE**  
Styrkir Íþróttafólk

 **HERBALIFE**  
... og vísindin

**Bætt heilsa - Breyttur lífstíll**

Holl næring, frábær morgunverður  
Vertu vel undirbúinn fyrir daginn.

Fáðu frian Prufupakka heim  
Bý í Snæfellsbæ.

Dóra Einarsd  
S. 5811104 – 6961104  
dora@simnet.is  
www.heilsufrettir.is/tedda



## HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362

**DVD myndir til sölu á 500kr**

## HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1  
Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - netf. vorur@simnet.is




## VFS

VÖRUFLOTNINGASTÖÐIN  
Vöruafgreiðsla Hédingsgötu 1-3  
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

**Opið í Reykjavík til kl. 17 mán. - fimmtud.  
Sömu lágu verðin - Verslum í heimabyggð**

Bæjarblaðið



## JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## Getraunir

Áskorendaleikurinn byrjar á laugardaginn, fyrirtækinn sem keppa fyrst eru Esjar SH og VK lagnir. Seðillinn sem er tippaður er 324 raðir það eru 4 þrítryggðir og 2 tvítryggðir. Nú eru 8 lið búinn að skrá sig í Snb mótið til að hægt verði að byrja mótið vantar fleiri lið, hvetjum fleiri til að vera með í vetur. Fyrsti vinningur um helgina er rúmar

32milj. Hádegisleikurinn í beinni í boði H.H Hellissandi. Mætum á völinn á laugardaginn og styðjum við bakið á strákunum í síðasta leik sumarsins. Opið á laugardaginn frá 10.30 til 13.00. Heitt kaffi á könnunni. Munið félagsnúmerið 355.

Áfram Víkingur.

Stjáni Tótu.



# Tímatafla

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR	
06:30		<b>SPIN</b>		<b>SPIN</b>	<b>SPIN</b>		06:30
10:00						<b>SPIN</b>	10:00
16:30	<b>HERTÍMI</b>	<b>BODYMIX</b>	<b>HERTÍMI</b>				16:30
17:00	<b>SPIN</b>			<b>SPIN</b>	<b>SPIN? HERTÍMI?</b>		17:00
17:30	<b>ÁTAK</b>	<b>ÁTAK</b>	<b>ÁTAK</b>				17:30

*Marqt annað  
er í boði hjá okkur:*

- Ljósabekkir
- Jóga og Jógadans
- Weleda heilsuvörur
- Pureline íþróttabuxur og fleiri vörur frá Jako
- Fæðubótaefni frá Patron

**Átakið byrjar 21. september.**  
Endanleg tímatafla verður send út síðar

*Sólarsport*

Ólafsbraut 55, Ólafsvík, Snæfellsbæ  
Sími: 436 1020



## KNATTSPYRNA

1. deild karla

Ólafsvíkuvöllur

# Víkingur Ó - Fjarðarbyggð

Laugardagur 19. september

kl. 14.00

Síðasti leikur sumarsins.  
Þökkum stuðninginn.

Miðaverð kr. 1.000,-  
Frítt fyrir yngri en 16 ára



## Dósadagur !!

Einungis er tekið á móti einnota umbúðum á  
mánudögum frá klukkan 9-16  
Allt gler, ál og plast skal vera talið og  
flokkað og frágengið.

Ekki er tekið á móti krukum, uppvotta,  
mýkingarefnis, olíu, djús eða sjampó brúsum.

## Skup puszek i butelek

Przyjmujemy jedynie jednorazowe pojemniki w  
poniedziałki od godz. 9:00-16:00.

Szkło, plastik i aluminium mają być  
posegregowane i policzone.

Nie przyjmujemy słoików ani pojemników po  
płynach do naczyń, płynach zmiękczających,  
oleju, sokach i szmponach.



## Markmiða- og árangursstofuna

Minum á Markmiða- og árangursstofuna í Áttthagastofunni  
í Ólafsvík á laugardaginn kl. 9.00 til 13.00.  
Ekki missa af þessu frábæra tækifæri til að skerpa fókussinn  
og ná betri árangri í hverju sem þú kyst.

Skráning og allar nánari upplýsingar:  
marthaa@simnet.is eða s. 896 7026.

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.

STYKKISHÓLMÍ - GRUNÐARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ



# Sumarið er tíminn.....



Nýliðið sumar hefur verið okkur Snæfellsbæingum gjöfult frá náttúrunnar hendi bæði til sjávar og sveita. Einnuna veðurbliður svo elstu menn muna vart annað eins. Heyfengur mikill og góður, byggakrar gulir og glansandi og úlit fyrri væna dilka og met-upskeru hjá kartöflubóndanum. Sjómenn að ég best veit eru kátir, gæftir góðar og sjórin fullur að fiski. Já náttúran sér um sína.

Náttúra Snæfellsbæjar sér líka um að aldrei hefur verið meiri ferðamannastraumur en í sumar. Fullt út úr dyrum hjá öllum ferðapjónustuaðilum, metaðsókn í Lýsuhólslaug yfir 4000 gestir heimsóttu hana og nutu græðandi áhrifa ölkelduvatnsins. Mikil aðsókn og rennsli í gegnum Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og svo mætti lengi telja.

Atvinnuástand hefur verið gott og verklegar framkvæmdir þó nokkrar bæði hjá einkaaðilum og hjá Snæfellsbæ en þar ber hæst stækkun dvalarheimilins sem er í fullum gangi og framkvæmdir við vatnsverksmiðjuna halda áfram þó það sé á hraða snigilsins. Nú svo er kominn þessi glæsilegi vegarkafli með bundnu slitlagi á Fróðarheiðina. Sem sagt allt í góðu nema það að Víkingar eru fallnir í aðra deild en þar er náttúrunni ekki um að kenna.

## Er þá engin kreppa ?

Von er að spurt sé. Það er nefnilega ekki nóg að náttúran sjái um sína þegar heil þjóð er dregin í svaðið af misvitrum stjórnáráðmönnum sem settu bankakerfið í hendurnar á frjálshyggjuþingum og siðblinnum fjármálasníllingum. Og hvernig er þá komið fyrir einni vinnusömustu og duglegustu þjóð í heimi. Það er ekki falleg saga, atvinnuleysi stóreykst, gengið hrúnið, afborganir lána tvöfaldast verðbólgan ríkur upp og bankakerfið í molum.

Þetta ástand bitnar á okkur hér í Snæfellsbæ eins og öðrum landsmönnum. Þó að atvinnuástand sé enn gott er allt rekstraunhverfið gjörbreytt, gríðarlegar kostnaðahækkningar í sjávarútvegi og landbúnaði og fjármagnskostnaðurinn í mörgum tilfellum orðinn óviðráðanlegur bæði hjá fyrirtækjum og fjölskyldum.

## Er Snæfellsbær á hausnum?

Mikil umræða hefur verið í Þjóðfélaginu um slæma stöðu sveitarfélaga og hvort einhver þeirra séu í raun að fara á hausinn. Ekki skal ég um það dæma en vildi orða það svo að staða Snæfellsbæjar er góð miðað við mörg önnur sveitarfélög. Fyrir því eru fyrst og fremst tvær ástæður. Önnur er sú staðreynd að skatttekjur bæjarsjóðs koma að langstærstum hluta frá sjávarútvegsfyrirtækjunum og þar hefur lágt gengi krónunnar hjálpað til að rekstur þeirra hefur gengið þolanlega. Hin ástæðan er hversu lítið hlutfall skulda bæjarsjóðs er í erlendum gjaldeyri. Reyndar mundu nú sumir nefna þriðju ástæðuna, nefnilega þá að hér sé að þakka traustri efnahagsstjórn meirihluta D-listans í bæjarstjórn síðustu ár. En það er nú með það eins og barnstrúnna, hún er sterk en ekki endilega

rétt, samanber jólasveininn.

Auðvitað er reksturinn þungur og hefur verið mörg undanfarið ár þar sem skatttekjur duga vart til reksturs og nýframkvæmdir fjármagnaðar að stórum hluta með lántökum og ekki má gleyma því að skuldir bæjarsjóðs eru miklar þó að í íslenskum krónum sé, heildarskuldir Snæfellsbæjar voru við síðustu áramót um 1,8 milljarður og skuld per íbúa tæp átta hundruð þúsund.

Þannig er nú það, ég vil nú ekki vera með neinn bölmód en þó er ljóst að vel verður að halda á spöðum næstu misseri í rekstri Snæfellsbæjar og stofnanna hans til að endar nái saman. Í Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs náðu endar nefnilega ekki saman og gert var ráð fyrir tæplega 200 milljónum tapi. Til að stoppa upp í það gat var snemma árs tekið 100 milljóna kr. lán. Á síðasta fundi bæjarstjórnar upplýsti bæjarstjóri að allar líkur væru á því að áætlunin stæðist og ekki þyrfti að taka meiri lán á árinu, það er þó huggun harmi gegn.

## Sumri hallar haustið kallar

Eins og glöggir lesendur hafa tekið eftir hafa orðið breytingar á bæjarstjórninni í sumar. Oddvitar beggja framboða hafa yfirgefið vígvöllinn eog nýir fulltrúar komnir í skotgrafirnar. Nýr bæjarfulltrúi j-listans er Friða Sveinsdóttir og undirritaður hefur tekið við hinu virðulega embætti sem leiðtogi minnihlutans í bæjar-


stjórn til enda kjörtímabilsins. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim Gunnari Erni og Ásbirni fyrir samstarfið síðustu sjö ár í bæjarstjórn og verð að viðurkenna að ekki er laust við að ég sakni þeirra inn við beinið.

Ljóst er að framundan er mikil og strembin vinna við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2010 og grunar mig að það verði engin skemmtiganga í ljósi ástandsins í Þjóðfélaginu. Við bæjarfulltrúar j-listans munum ganga til þeirra verka af fullri ábyrgð og erum tilbúin að leggjast á áramur með meirihlutanum og nýjum forseta bæjarstjórnar til að lágmarka kreppuáhrifin og standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins. Líklegt er að hækka verður gjalskrár en full samstaða hefur verið í bæjarstjórn um að reyna til þrautar að skerða ekki þjónustuna við íbúana. Vonandi tekst það og í mínum huga og við núverandi ástand eru einhverjar pólutískar hártoganir og hanaslagir innan bæjarstjórnar ekki vænlegar til árangurs. Því á meðan traust ríkir milli manna og heiðarleiki þá ná menn settu markmiði, þó að sjálfsögðu geti verið áherslumunur í einhverjum málum. Nóg er að horfa upp á hanaslaginn á hinu háa alþingi til að sannfæra um hvernig á ekki að gera hlutina.

Framhald í næsta blaði...

Bestu kveðjur

Kristján Þórðarson  
Bóndi og bæjarfulltrúi



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**Breyttur lífsstíll.**  
Drekktu í þig orku, daglega

Næringadrykkir frá Herbalife eru úrvals valkostir.

Fáðu sendann frían prufupakka  
Sesselja, sími: 6595819  
E-mail: birtad@simnet.is

**VIRKIÐ**  
Byggingavörur

**Opið virka daga 9-12 og 13-18**

# Ekki missa af þessu, því menntun er eitthvað sem maður býr að bæði á góðum og erfiðum tímum!

Áhugasamir athugið! Þetta gæti verið síðasta tækifærið í nokkurn tíma til að taka þátt í Grunnmenntaskólanum!

Síðastliðinn mánudag var haldinn vel heppnaður kynningarfundur um Grunnmenntaskólann á Snæfellsnesi og Skrifstofuskólann. Grunnmenntaskólinn verður haldinn í þriðja sinn á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fólki, 20 ára og eldri er boðið upp á námstækifæri til að hjálpa þeim af stað sem hefur lengi langað aftur í skóla en fundist erfitt að byrja. Með náminu í Grunnmenntaskólanum er stuðlað að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms og þátttakendum auðveldað að takast á við ný verkefni í vinnu.

Það var ánægjulegt að sjá bæði konur og menn á kynningarfundinum sem voru áhugasöm um það sem var í boði. Grunnmenntaskólinn hefst 21. september næstkomandi og endar með útskrift 27.

mars 2010 ef næg þátttaka verður. Kennslan mun fara fram á mánudags- og miðvikudagskvöldum, frá kl.: 18:00 til 21:30, og einnig annað hvert fimmtudagskvöld frá kl 18:00 til 21:30 í húsnæði Fjölbrautarskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

Ég kynnti verkefnið og gildi þess fyrir þátttakendur og útskýrði skipulag námsins og námsþættina. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf en munu fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Það verður m.a. kennd íslenska, enska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni, sjálfsstyrking, og margt fleira. Skólinn fékk í fyrra margar gagnlegar heimsóknir og síðast en ekki síst lögðu kennararnir sig alla fram til að efla þekkingu nemendanna og auka sjálfstraust þeirra. Skólafarir gekk mjög vel en við látum ekki þar við sitja heldur höldum áfram og

reynum að gera gott enn betra.

Svanfríður Þórðardóttir, fyrrverandi nemandi Grunnmenntaskólans á Snæfellsnesi talaði um reynslu sína af skólanum og meðal annars að hún hefði ákveðið að fara í skólann, ekki endilega með það fyrir augum að klára svo stúdentspróf, heldur sérstaklega til að byggja sjálfa sig upp og koma sér af stað í því námi sem hún hefur áhuga fyrir. Hún var mjög ánægð með að hafa tekið þátt og sagði að þetta hefði ekki eingöngu verið gagnlegt heldur líka skemmtilegt og hvatti alla til að skella sér í námið. Svanfríður sagði enn fremur að það dygði ekkert að hika og bíða heldur grípa tækifærið og stökva af stað. Einnig sagði annar nemandi Grunn-

menntaskólans frá því í fyrra að það sem honum hefði komið mest á óvart hefði verið hann sjálfur, hvað það byggði mikið í honum og margt hefði opnast.

„Það er aldrei oft seint að vera það sem þú hefðir getað orðið“. Nú eru síðustu skráningardagar. Laugardagur, 19. september er síðasti skráningardagurinn. Grípið tækifærið og verið með núna, því það er óvíst að við fáum grænt ljós fyrir þessu verkefni aftur á næstunni. Skráning í síma:4361426/8622998 eða [barbara@fsn.is](mailto:barbara@fsn.is)

Bestu kveðjur  
Barbara Fleckinger  
Verkefnisstjóri Grunnmenntaskólans á Snæfellsnesi



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR  
Hellissandi - Lýsuhólsskóla - Ólafsvík

## Atvinna í boði

Laus er 50% staða skólaliða/stuðningsfulltrúa við Grunnskóla Snæfellsbæjar - Lýsuhólsskóla.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningum Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu og Launanefndar sveitarfélaga.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu skólans í Ólafsvík og á [www.snb.is](http://www.snb.is).

Umsóknum skal skilað skriflega til Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ eða í tölvupósti á [maggi@gsnb.is](mailto:maggi@gsnb.is)

Skólastjóri

## LAGERSALA

Verðum með lagersölu á Ólafsbraut 19 næstu tvær helgar 19.-20. og 25.-27.

Erum með mikið úrval af tiskuvörum.

Bæði fyrir herra, dómur og börn.

Merki eins og Cheanny, Psycho cowboy, 4you, Minimum verðum einnig með fullt öðrum dömu merkjum

Mikið úrval á skóm. Fullt af nýju dót og alltaf sama góða verðið.

### Opnunartímar

19.09.2009	13:00-18:00
20.09.2009	13:00-17:00
25.09.2009	13:00-18:00
26.09.2009	13:00-18:00
27.09.2009	13:00-17:00

HLÝRABOLIR	FRÁ 500.-	BUXUR	FRÁ 3000.-
BOLIR	FRÁ 1500.-	SKYRTUR	FRÁ 1500.-
STUTTBUXUR	FRÁ 1000.-	PILS	FRÁ 1500.-
KVARTBUXUR	2000.-	AUKAHLUTIR	FRÁ 500.-
LEGGINS	FRÁ 1500.-	KJÓLAR	FRÁ 2500.-
JOGGINGBUXUR	2000.-	PEYSUR	FRÁ 2500.-
		JAKKAR	FRÁ 3000.-



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · [www.bylgja.is](http://www.bylgja.is) · Neff. [bylgja@bylgja.is](mailto:bylgja@bylgja.is)

INGJALDSHÓLSKIRKJA

**SUNNUDAGINN 20. SEPTEMBER**  
**GUÐSÞJÓNUSTA KL. 11:00**

ÖLL BÖRN SEM ERU FIMM ÁRA Á ÁRINU  
FÁ BÓKINA UM KÖTU OG ÓLA AÐ GJÖF.

BÖRN ÓSKAST Í VÖFFLUBAKSTUR Í SUNNUDAGASKÓLANUM  
SEM ER Í UMSJÓN GUÐMUNDU ÞÓRÐARDÓTTUR OG  
GUÐRÚNAR CÝRUSDÓTIR

INGJALL BANGSI KEMUR Í HEIMSÓKN, SÖNGUR, LEIKIR,  
GLENS OG GAMAN... VÖFFLUR, DJÚS OG DUND.

**ATHUGIÐ!**

KIRKJURÚTA FER FRÁ N1 KL. 10:40 OG ÞAÐAN UM RIF.

*Komum í bús Drottins til bænar og þakkargjörðar*

*Sóknarprestur*

